



# Reglur um inntöku barna í leikskóla Langanesbyggðar

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Leikskólinn er á forsendum barnsins, en leitast er við að hafa sem mestan sveigjanleika í dvalartíma barnanna til að koma til móts við óskir foreldra. Grundvallaratriði er þó að það komi ekki niður á börnunum og leikskólamenntun þeirra.

## 1. Lögheimili barna

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er lögheimili í Langanesbyggð/Svalbarðshrepp og er farið eftir búsetu forráðamanna samkvæmt þjóðskrá. Foreldrar sem hyggjast flytja í Langanesbyggð geta sótt um leikskóladvöl en barn getur aðeins fengið úthlutað leikskóladvöl þegar lögheimili hefur verið flutt.

## 2. Umsóknir um leikskólavist

Sótt er um leikskóladvöl hjá leikskólastjóra. Sækja má um leikskólavist allt árið en miðað er við að umsóknir um skólavist að hausti þurfi að berast fyrir 1. júní fyrir vistun sem hefst í byrjun ágúst og fyrir 1. nóvember vegna barna sem hefja vistun í byrjun janúar.

Þeir sem sækja um leikskólavist eftir tilgreinda umsóknarfresti geta ekki vænst þess að fá leikskólapláss fyrr en næst þegar börn eru tekin í leikskólann. Þetta á jafnt við um forgangshópa sem og aðra. Umsóknir raðast á biðlista eftir kennitölum barna, þau elstu fyrst. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Barnabóls: <http://www.leikskolinn.is/thorshofn/>

## 3. Ákvörðun um inntöku í leikskólann

Miðað er við að taka inn börn við 16 mánaða aldur. Börn fá leikskólavist að jafnaði á tímabilinu júní til september og í janúar. Í undantekningartilvikum eru börn tekin inn á öðrum tímum en það ræðst af mönnun, fjölda rýma og aðstæðum í deildunum. Öllum umsóknum er svarað í maí og óskað eftir staðfestingu innan 7 daga. Hafni forráðamenn leikskólaplássi færast umsóknin aftast á biðlista.

## 4. Úthlutun leikskóladvalar

Kennitala barns ræður því að öllu jöfnu hvenær barn fær úthlutað leikskóladvöl. Hægt er að óska eftir forgangi vegna:

### Barna með sérþarfir

- Greining þarf að vera fyrirliggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum s.s. greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sálfræðingum og barnalæknum.
- Barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati Félagsþjónustu Norðurlþings og/eða lækna.

Nefnd skipuð þremur fulltrúum, einum frá fræðslunefnd, einum frá Félagsþjónustu Norðurlþings og einum frá viðkomandi leikskóla, metur beiðnir um forgang sem berast.



## 5. Uppsagnarfrestur

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda dag hvers mánaðar. Uppsögn þarf að berast með skriflegum hætti til leikskólastjóra. Skuldi foreldrar þrjá mánuði er barninu sagt upp leikskóladvöl.

## 6. Dvalartími

Opnunartími *leikskólans Barnabóls* í Langanesbyggð er frá kl. 7:45 – 16:15 og tekur breytingum samkvæmt ákvörðun sveitarfélagsins hverju sinni.

Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma og skal ósk þar um berast til leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Þegar unnt er að verða við breytingu tilkynnir leikskólastjóri forráðamönnum það eins fljótt og auðið er. Breytingar miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

*Ef um sérstakar óskir foreldra um dvalartíma er að ræða skoðar leikskólastjóri þær og metur hvort hægt er að verða við þeim. Leikskólastjóri tekur tillit til aðstæðna á deildinni s.s. barnahópsins, fjölda dvalarstunda, barngilda og starfsmanna sem fyrir eru á deildinni, aldurs barnsins og tengsla þessi við önnur börn og starfsmenn. Dvalargjald reiknast þá hlutfallslega. Nám barna og vellíðan er alltaf forgangsatriði.*

Barn í leikskóla skal taka minnst 4 vikna samfelld sumarleyfi ár hvert og eru leikskólagjöld því greidd í 11 mánuði á ári. Mælst er til að hámarks dvalartími barns í leikskóla sé 8 klukkustundir á dag. Dvalarsamningur skal gerður fyrir hvert barn þegar það hefur leikskólagöngu.

*Í upphafi leikskólagöngu veitir leikskólastjóri allar upplýsingar um áherslur og markmið skólustarfsins í leikskólanum (uppeldis- og menntastarfs leikskólans) og allar helstu upplýsingar um starfsemi. Auk þess fær foreldri/ forsjáraðili tækifæri til þess að kynnast skólanum og starfsháttum hans. Við upphaf leikskólagöngu gera foreldrar/forsjáraðili og leikskólinn með sér samning um leikskóladvölinu (undirrita dvalarsamning).*

## 7. Dvalargjald

Gjald fyrir leikskóladvöl barna er í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni.

*Einstæðir foreldrar, öryrkjar með metna örorku 75% eða meira og námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu námi greiða lægra gjald. Einstæðir foreldrar og öryrkjar framvísa vottorði þegar dvalarsamningur er útfylltur. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um námsárangur eftir hverja önn og kemur þá afsláttur til framkvæmda næsta mánuð/mánuði. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst, nema foreldrar séu í fullu sumarnámi. Einstæðir foreldrar þurfa að skila inn undirritaðri umsókn til leikskólastjóra árlega fyrir 15. september um að greiða lægra gjald. Hafi umsókn ekki borist fyrir þann tíma hækkar leikskólagjaldið. Ekki er veittur afsláttur afturvirkur. Eigi foreldrar sama lögheimili greiða þeir óbreytt gjald.*

*Almennt reiknast gjald á það foreldri sem barnið á lögheimili hjá. Óski einstæðir foreldrar eftir breytingu á því þurfa þeir báðir að undirrita beiðnina.*

*Systkinaafsláttur er veittur í samræmi við gildandi gjaldskrá.*

*Foreldrum ber að tilkynna um breytta stöðu sem hefur áhrif á greiðslu dvalargjalds.*



*Langanesbyggð greiðir ekki fyrir barn sem dvelur í leikskóla í öðru sveitarfélagi samtímis því að halda rými í Langanesbyggð.*

Heimilt er að fella niður fæðisgjald sé barn fjarverandi í 1 viku eða lengur sé það tilkynnt leikskólanum með 1 vikna fyrirvara. *Ef barn er veikt samfellt í 4 vikur eða lengur er fæðiskostnaður felldur niður gegn framvísun læknavottorðs.* Heimilt er að innheimta kortersgjald sé barn sótt of seint oftari en 3 sinnum í sama mánuðinum.

*Samþykkt af sveitarstjórn Langanesbyggðar 12. mars 2020.*